

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 50/2001

frá 30. mars 2001

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2000 frá 4. febrúar 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/62/EB frá 10. október 2000 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/49/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum færmum með járnbrautum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 42b (tilskipun ráðsins 96/49/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **32000 L 0062:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/62/EB frá 10. október 2000 (Stjtíð. EB L 279, 1.11.2000, bls. 44).“

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 103, 12.4.2001, bls. 5 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 20, 12.4.2001, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 279, 1.11.2000, bls. 44.

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/62/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. mars 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. mars 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

